

um till. til þál. um brúargerð á Skjálfandafljóti.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur athugað þingsályktunartillögu þessa og aðrar hliðstæðar tillögur um flutning á efni úr Ölfusárbrúnni gömlu til brúargerðar á öðrum ám og leitað álits vegamálastjóra um málið. Er svar hans prentað sem fylgiskjal.

Í umsögn vegamálastjóra kemur það fram, að svarta muni kostnaði að nota efni úr gömlu Ölfusárbrúnni til annarra brúargerða, og ekki muni fást úr því skorið, hvort þessi flutningar geti talizt hagkvæmur, fyrr en gamla brúin hefur verið tekin niður. Virðist nefndinni því ekki rétt, að svo stöddu, að samþykkja ákveðnar tillögur um flutning brúarefnisins og hefur orðið sammála um að leggja til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari athugunar.

Tveir nefndarmenn, Guðm. Í. Guðmundsson og Þórður Benediktsson, voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 15. apríl 1946.

Gisli Jónsson, B. Kristjánsson, Pétur Ottesen.  
form. frsm.

Helgi Jónasson. Skúli Guðmundsson. Sig. Kristjánsson.  
Steingr. Aðalsteinsson.

#### Fylgiskjal.

#### VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 25. febr. 1946.

Háttvirt fjárveitinganefnd hefur sent mér til umsagnar tvær framkomnar tillögur um flutning Ölfusárbrúar og þá þriðju um byggingu brúar á Hvítá hjá Iðu.

1. **Flutningar Ölfusárbrúar gömlu.** Í bréfi dags. 5. nóv. f. á. sendi ég umsögn mína um framkomna tillögu um flutning Ölfusárbrúar á Hvítá hjá Iðu og gerði grein fyrir, hvers vegna það kæmi ekki til greina, enda er nú fallið frá þeirri hugmynd. Ég gat jafnframt um nokkrar ár, er ég taldi frekast geta komið til mála að flytja brúna á.

Samkvæmt athugun virðist hugsanlegt að nota 24—30 tonna járnþunga úr gömlu brúnni til endurbyggings hengibrúar á öðrum stað, og er þá miðað við, að mest af járnini í sjálfrí brúnni og í turnum reynist nothæft, en strengi þarf nýja og akkerisfestar, sömuleiðis timburgólfíð. Það verður þó ekki úr því skorið fyrr en gamla brúin hefur verið tekin niður, hvort eins mikil af járnini úr sjálfrí brúnni reynist nothæft og hér nefnt. Þarf því að útvega nýtt járn til endurbyggings, naumast minna en 20—25 tonn að meðtöldum strengjum, þannig að í hina nýju brú færur um 45—50 tonn járns. Nýtt mundi þetta efni um 100—120 þús. kr., en ef notað er gamla efnið úr Ölfusárbrú, lækkar þessi kostnaðarliður um 60—70 þús. kr., sem í þessu sambandi maetti telja verðmæti gömlu brúarinnar.

Járn og strengir í hengibrú er þó aðeins lítt hluti heildarkostnaðar. Þannig er talið, að í hengibrúna á Jökulsá á Fjöllum muni það kosta um 330 þús. kr. og nema um 23% af heildarkostnaðinum, sem er áætlaður um 1.4 millj. kr. Er því bersýnilegt, að hvar sem gamla brúin af Ölfusá kynni að verða notuð, mundi þurfa sérstaka fjárveitingu fyrir langmestum brúargerðarkostnaðinum. Segjum t. d., að Frúin kostaði fullgerð 500 þús. kr. úr nýju efni, þá má ekki telja, að sparist nema í mesta lagi 60—70 þús. kr., og hefur þá ekki verið tekið tillit til kostnaðar við að taka gömlu brúna af. Er því ekki eins mikill fengur í gömlu brúnni og margur hefur ætlað.

Það er og fyrirsjáanlegt, að brúin yrði hvergi endurbyggð á þessu ári, jafnvel þó fjárveiting væri fyrir hendi, því að engin von er, að unnt verði að koma í framkvæmd fleiri brúargerðum en þegar er veitt fé til.

Eins og tekið er fram í fyrri umsögn, þá þykir mér ekki rétt að setja svo veikbyggða brú sem gömlu Ölfusárbrúna á Hvítá hjá Bjarnastöðum. Hvort hún yrði talin nothaef á t. d. Skjálfandafljót, verður frekari rannsókn og útreikningur um styrkleika að skera úr, þegar brúin hefur verið tekin niður.

Með tilliti til framangreindra ástæðna vil ég leggja til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar, og þess óskað, að undirhúin verði fyrir næsta Alþingi tillaga um, hvað gera skuli við gömlu brúna. ....